



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 29. desember 2024

Leyfisreglugerð KSÍ

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 20. desember sl. voru samþykktar breytingar á Leyfisreglugerð KSÍ (útgáfa 5.4). Um er að ræða breytingar sem gerðar eru vegna breytinga sem orðið hafa á Leyfisreglugerð UEFA. Breytingar á leyfisreglugerð UEFA má kynna sér á eftirfarandi [vefslóð](#).

Rétt er að taka fram að ekki er um að ræða verulegar breytingar á leyfisreglugerð KSÍ en samantekt á breytingum er að finna hér fyrir neðan:

Samantekt:


- Breytingar eru gerðar á nokkrum stöðum í reglugerðinni þar sem Meistaradeild UEFA fyrir konur er sérstaklega getið. Nú hefur orðalagi verið breytt á þann veg að gert sé ráð fyrir fleiri en einni tegund af **Evrópukeppni félagsliða** í kvennaflokki.
- Í skilgreiningu á tengdum aðila er nú m.a. gert ráð fyrir því að aðili falli undir skilgreiningu á tengdum aðila hafi sá aðili veruleg eða **ráðandi áhrif** á uppgjörsaðila/leyfisumsækjanda.
- Í 14. grein hefur nú verið innleidd svokölluð **tveggja ára regla** vegna keppni félagsliða fyrir konur. Reglan kveður á um að leyfisumsækjandi þurfi að hafa verið aðili að KSÍ í a.m.k. tvö keppnistímabil í röð og hafa tekið þátt í opinberum keppnum í a.m.k. tvö keppnistímabil í röð til þess að geta tekið í þátt keppni sem heyrir undir leyfiskerfi KSÍ. Sambærileg regla hefur verið í gildi vegna keppni félagsliða fyrir karla en sú regla gerir ráð fyrir að aðild að KSÍ þurfi að hafa varað í a.m.k. þrjú keppnistímabil (þriggja ára regla).
- Undir lagalegar forsendur í 62. grein reglugerðarinnar hefur verið innleidd sú forsenda að allir þættir sem mynda **sjónræn auðkenni knattspyrnufélags**, svo sem merki, auðkenni, önnur vörumerki og félagslitir þurfi að vera í eigu eða í umráðarétti leyfisumsækjanda. Auðkenni þurfi að vera skráð hjá leyfisveitanda ásamt **sögu og arfleifð** leyfisumsækjanda.
- Breytingar hafa verið gerðar í 103. grein reglugerðarinnar sem fjallar um fylgniúttekt UEFA (Compliance Audit). Slíkar úttektir miða að því að tryggja að KSÍ og leyfisumsækjendur hafi

uppfyllt skyldur sínar eins og þær eru settar fram í reglugerð KSÍ, og þegar við á, reglugerð UEFA.

- a. Breytingar á 103. grein miða einnig að því að KSÍ og viðkomandi leyfisumsækjanda skuli vera skylt að gera **tilteknar upplýsingar aðgengilegar** þegar fylgniúttekt er framkvæmd.
- b. Til að ganga úr skugga um að upplýsingar, sem gerðar eru aðgengilegar á grundvelli 103. gr., verði meðhöndlaðar sem trúnaðargögn þá skuli gerður **trúnaðarsamningur** á milli UEFA, KSÍ og viðkomandi leyfisumsækjanda.
- c. Loks gera breytingar á 103. grein ráð fyrir því að **sérhver ágreiningur** milli UEFA og KSÍ eða á milli UEFA og leyfisumsækjanda sem kann að rísa um slíkan trúnaðarsamning skuli **áðeins borinn undir CAS** í Lausanne í Sviss.

Meðfylgjandi er nákvæmt yfirlit yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglugerðinni í PDF formi þar sem breytingar eru merktar með rauðu.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ